




BREYTING - GRENJAR



Gildandi skipulag

Mkv.: 1:10.000

SKÝRINGAR

- Mörk skipulagssvæðis
- lb Íbúðarsvæði
- lb B Íbúðarsvæði, blönduð byggð
- S Svæði fyrir þjónustustofnanir
- M Miðsvæði, miðbær
- V Verslunar- og þjónustusvæði
- A Athafnasvæði
- H Hafnarsvæði
- I Iðnaðarsvæði
- Óbyggt svæði
- O Opin svæði til sérstakra nota
- R Sorpförgunarsvæði
- Hv Hverfisverndarsvæði
- N Náttúruverndarsvæði
- Landfylling
- R Formminjar
- Merking landnotkunarreita
- Blönduð landnotkun
- Skipulagi frestað
- Stofnbraut
- Tengibraut
- Stofnstígur innan byggðar
- Megin útivistarstígur
- Megin útivistarstígur og reiðleið
- Reiðleið
- Flutningslínur rafveitukerfis Loflínur
- Flutningslínur rafveitukerfis Jarðstrengir
- Aðveitulögn hitaveitu
- Aðveitulögn vatnsveitu
- Útrás fráveitu

Bæjarstjórn Akraness leggur til að breyting verði gerð á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 vegna atvinnuþróunar og uppbyggingar á hafnarsvæði H3 á Grenjum. Jafnframt er lögð fram breyting á deiliskipulagi svæðisins. Breyting á aðalskipulagi felst í breyttum ákvæðum um landnotkun á hafnarsvæðinu. Ekki er um að ræða grundvallarbreytingu á landnotkun eða afmörkun svæðisins.

Tilfni breytingarinnar er að talin er þörf á að skerpa ákvæði aðalskipulagsins um landnotkun á svæðinu til samræmis við þá uppbyggingu og atvinnuþróun sem þar er.

Staðhættir

Hafnarsvæði H3 á Grenjum er milli Lambhúsasunds og Krókalóns. Í gildi er deiliskipulag Grenja, hafnarsvæðis, frá 2013 með síðari breytingum.

Á svæðinu eru þrjár byggingar; Bakkatún 26, skrifstofubygging, Bakkatún 30, framleiðslubygging og Krókatún 22-24, framleiðslubygging. Skipalyfta er á lóðinni Bakkatúni 32. Útisvæði með ýmsum búnaði og aðstöðu er á suður- og vesturhluta svæðisins. Landið hefur verið mótað með landfyllingum við eyði milli Lambhúsasunds og Krókalóns frá landi yfir á Vesturflös, sem markar vesturmörk svæðisins. Ströndin við Krókalón hefur breyst mikið, annars vegar vegna sjóvarmargarða meðfram henni allri og hins vegar vegna fyllinga á Grenjum. Hafnarmannvirki eru í Lambhúsasundi.

Breyting

Engin breyting er gerð á aðalskipulagsupprætti. Gerð er breyting á skipulagsákvæðum landnotkunarreits H3 í greinargerð skipulagsins.

Kafla 3.3.9 Hafnarsvæði

Engin breyting er gerð á almennum texta greinargerðar. Breytingin felst í nánari skilgreiningu þeirrar starfsemi sem heimil verður á hafnarsvæði H3.

Gildandi skipulag

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
H3	5,2	Skipasmíða- stöð við Lamb- húsasund	Lóð skipasmíðastöðvar og dráttarbrautar ásamt hafnarmannvirkjum.	Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi.

Breytt skipulag

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
H3	5,2	Skipasmíða- stöð við Lamb- húsasund	Lóð skipasmíðastöðvar og dráttarbrautar ásamt hafnarmannvirkjum.	Á svæðinu er gert ráð fyrir skipasmíði, skipaviðgerðum, hafnsækinni starfsemi, iðnaðarframleiðslu og þjónustu við sjávarútveg, fiskiðnað og annan matvælaidnað.

Umhverfisskýrsla, áhrifamat

Skipulagsbreytingin er ekki háð lögum um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006 þar sem í henni er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum sem falla undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Svæðið er raskað og snertir breyting á skilmálum aðalskipulags hvorki sérstæðar náttúruminjar né sérstök vistkerfi. Ólíklegt er að fornleifar sé að finna á framkvæmda-svæðinu.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann _____

_____ bæjarstjórinn á Akranesi

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

Gildistaka breytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____